

Fjármála- og efnahagsráðuneytið  
Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðherra  
Arnarhvoli við Lindargötu  
101 - Reykjavík

Reykjavík 19.02.2019

**Erindi: Launakjör framkvæmdastjóra Nýs Landspítala ohf.**

Nýjum Landspítala ohf. (NLSH ohf.) hefur borist erindi fjármála- og efnahagsráðuneytisins dags. 12.02.2019 þar sem óskað er eftir upplýsingum um launakjör framkvæmdastjóra NLSH ohf.

Í janúar 2017 barst stjórn NLSH ohf. erindi fjármála- og efnahagsráðuneytisins vegna ákvörðunar launa og starfskjara framkvæmdastjóra félaga í meirihlutaeigu ríkisins, sem féllu þann 1. júlí 2017 undan ákvörðunarvaldi kjararáðs með lögum nr. 130/2016.

Í framhaldi af erindinu hefur stjórn NLSH ohf. farið eftir þeim leiðarlínum sem þar birtust m.t.t. eigendastefnu ríkisins um hóflega samkeppnishæfa launastefnu. Föst mánaðarlaun framkvæmdastjóra NLSH ohf. voru því óbreytt í 30 mánuði og í samræmi við ákvörðun kjararáðs frá júní 2016.

Haustið 2018 hóf stjórn NLSH ohf. rýni á umfangi félagsins þ.m.t. störfum framkvæmdastjóra. Ljóst er að allar kennistærðir í félaginu hafa aukist verulega, enda hafa umsvif félagsins orðið meiri með ári hverju í samræmi við fjárheimildir Alþingis með fjárlögum ár hvert. Í áætlunum er gert ráð fyrir að umfang Hringbrautarverkefnisins haldi áfram að aukast.

Stjórn NLSH ohf. ákvað að föst mánaðarlaun framkvæmdastjóra yrðu hækkuð í upphafi árs 2019 í samræmi við breytingar á launavísitölu.

Í samræmi við erindi fjármála- og efnahagsráðuneytisins, dags. 26. okt. 2018, veitir NLSH ohf. ráðuneytinu mánaðarlega upplýsingar um launakjör framkvæmdastjóra NLSH ohf., sbr. 39.a. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996.

*Virðingarfyllst,  
f.h. stjórnar NLSH ohf.*



*Erling Ásgeirsson, formaður*